

Fimmtudaginn 31. október 1996.

Nr. 349/1995.

**Aðbjörg Sigurðardóttir**

(Helgi Birgisson hdl.)

gegn

**Kreditkortum hf.**

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Ábyrgð. Samningur. Skaðabætur. Gjafsókn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1995 og krefst þess aðallega, að stefnda verði gert að greiða sér 3.316.959,90 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. október 1994 til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gjafsókn var henni veitt fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. október 1996.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

#### I.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst, að bú Gríms Grímssonar hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 11. október 1995. Engar eignir hefðu fundist í búinu og skiptum verið lokið 5. júní 1996, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, sem alls hefðu numið 24.529.783 krónum auk áfallinna vaxta og kostnaðar.

#### II.

Í yfirlýsingu áfrýjanda um ábyrgð á skuld Gríms Grímssonar á greiðslukortareikningi hjá stefnda, sem var rituð á staðlað eyðublað frá honum og fest við víxil vegna ábyrgðarinnar, var ráðgert, að færa mætti hámarksfjárhæð, sem ábyrgðin yrði bundin við. Áfrýjandi notfærði sér ekki þennan kost, heldur veitti hún stefnda heimild til að rita á víxilinn fjárhæð skuldar, sem ekki var háð takmörk-

unum. Getur áfrýjandi af þessum sökum ekki borið því nú við gagnvart stefnda, að ætlast hafi verið til, að ábyrgðin tæki ekki til hærri fjárhæðar en 700.000 króna.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að ábyrgð hennar hafi aðeins átt að ná til skulda vegna eins af þremur greiðslukortum, sem Grímur Grímsson hafði til afnota frá stefnda. Þá verður ekki heldur fallist á það með áfrýjanda, að 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjeringa, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, eða önnur ákvæði III. kafla fyrrgreindu laganna geti orðið til þess, að ábyrgð hennar gagnvart stefnda verði hliðrað eða sæti ógildingunni.

### III.

Í ljósi almennra skilmála stefnda um viðskipti með greiðslukort mátti áfrýjandi treysta því í lögskiptum við hann, að hann léti ekki viðgangast á hennar áhættu, að Grímur Grímsson fengi haldið áfram viðskiptum, ef hann misnotaði greiðslukort sín þannig, að farið væri, svo að máli skipti, fram úr umsömdum mánaðarlegum úttektarheimildum, eða hann stæði ekki í skilum, þegar úttektarskuldir féllu í gjalddaga. Til þess er að líta, að gjalddagi í viðskiptum Gríms við stefnda vegna hvers úttektartímabils var ekki, fyrr en næsta tímabilið var hálfnað, og hefði hann því getað nýtt að fullu úttektarheimild vegna síðarnefnda tímabilsins, áður en leitt yrði í ljós, hvort greiðslufall yrði. Mátti áfrýjandi því gera ráð fyrir, að umsamin ábyrgð hennar gæti náð til fjárhæðar, sem svaraði til fullrar úttektarheimildar Gríms á tveimur tímabilum, án þess að stefndi hefði tilefni til að girða fyrir viðskipti hans. Þeirri staðhæfingu stefnda hefur ekki verið hnekkt, að úttektarheimild Gríms hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, numið samtals 1.080.000 krónum á hverju tímabili. Verður því að skýra samning málsaðila þannig, að stefndi hafi mátt telja áfrýjanda ábyrga fyrir allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, alls 2.160.000 krónum.

Þegar stefndi nýtti sér heimild sína 2. september 1993 til að fylla út fjárhæð víxilsins, sem áfrýjandi hafði gerst útgefandi að til ábyrgðar fyrir viðskiptum Gríms Grímssonar við stefnda, nam skuld vegna þeirra 2.859.494 krónum auk áfallinna dráttarvaxta, en að

þeim meðtöldum varð víxilfjárhæðin 2.912.618,70 krónur. Eins og málið liggur fyrir, verður því að telja, að stefndi hafi farið samkvæmt framansögðu fram úr umsaminni heimild sinni gagnvart áfrýjanda sem svaraði 699.494 krónum. Áfrýjandi gerði skuldina upp við stefnda 21. október 1994 með greiðslu á 3.316.960 krónum, en í þeirri fjárhæð voru með taldir dráttarvextir og kostnaður til greiðsludags. Miðað við upphaflega fjárhæð skuldarinnar, 2.859.494 krónur, krafði stefndi áfrýjanda um 24,46 hundraðshluta skuldarinnar umfram það, sem hann mátti samkvæmt áður sögðu. Verður honum því gert að endurgreiða áfrýjanda sama hlutfall greiðslunnar 21. október 1994, 811.328 krónur. Með vísan til 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 verða dráttarvextir dæmdir af þeirri fjárhæð frá 9. desember 1994, þegar mánuður var liðinn, frá því að áfrýjandi tilkynnti stefnda um væntanlega málsókn til endurheimtu greiðslunnar.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði. Rennur málskostnaðurinn í ríkissjóð, en áfrýjandi hafði gjafsókn á báðum dómstigum. Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skal vera óraskað, en gjafsóknarkostnaður hennar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hennar, sem ákveðin er í dómsorði.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, Kreditkort hf., greiði áfrýjanda, Addbjörgu Sigurðardóttur, 811.328 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 9. desember 1994 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað áfrýjanda skal vera óraskað.

Stefndi greiði í ríkissjóð samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hennar, 170.000 krónur.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. september 1995.**

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 3. mars 1995, og dómtekið 7. þ. m. Stefnandi er Adbjörg Sigurðardóttir, kt. 140118-3039, Hjallaseli 39, Reykjavík.

Stefndi er Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.316.959 krónur ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 31. október 1994 til greiðsludags, og leggist vextir við höfuðstól, í fyrsta sinn 31. október 1995. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en gjafsóknarleyfi dómsmálaráðuneytis er dagsett 4. maí 1995.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að teknu tilliti til virðisaukaskatts á máflutningsþóknun.

2. Hinn 11. 7. 1983 sótti Grímur Grímsson, kt. 270751-2539, um Eurocard-kreditkort hjá stefnda. Kortið, sem hann fékk, var númer 8300-0317-8133. Hinn 23. 8. 1988 sótti hann um Eurocard-gullkort og fékk það, nr. 8301-0268-1102. Samkvæmt umsókn 10. 11. 1989 fékk hann einnig aukakort með gullkortinu til handa eiginkonu sinni, Sigrúnu Guðjónsdóttur.

Eiginvixill Gríms Grímssonar, að fjárhæð 180.000 krónur, sem var til tryggingar viðskiptum hans samkvæmt framangreindum greiðslukortum, var endursendur 9. september 1991, og var honum gert að skilyrði fyrir framhaldi viðskipta að leggja fram nýjan tryggingarvixil með tveimur ábyrgðarmönnum. Reikningarnir, sem hafði verið lokað, voru opnaðir að nýju, er stefnda var afhentur „Tryggingarvixill v/Eurocard“. Var Grímur Grímsson samþykkjandi hans, tengdamóðir hans, stefnandi máls þessa, útgefandi og dóttir hans, Adbjörg Grímsdóttir, ábekingur. Að öðru leyti var vixillinn óútfylltur. Viðfest „yfirlýsing/umboð“ vixilskuldaranna, dags. 28. 10. 1991, er svohljóðandi: „Viðfest vixileyðublað er hér með afhent Kreditkortum hf. til tryggingar úttektum samþykkjanda samkvæmt Eurocard-kreditkorti, sem gefið hefur verið út á Eurocard-reikning hans. Vixileyðublaðið er að fjárhæð kr. \_\_\_\_\_ með áritun samþykkjanda, útgefanda og ábekings, en ódagsett, bæði hvað varðar gjalddaga og útgáfudag. Verði um vanskilaskuld á Eurocard-kreditkortareikningi samþykkjanda að ræða, er Kreditkortum hf. heimilt að breyta vanskilaskuldinni í vixilskuld og nota til þess þetta vixileyðublað, dagsetja það og stimpla og gera það þannig að fullgildum vixli.“

Á þeim tíma, sem tryggingarvixillinn var lagður fram, og enn, er vanskil þau urðu, sem mál þetta er sprottið af, námu úttektarheimildir Gríms

Grímssonar samkvæmt almenna kortinu 100.000 krónum vegna úttekta innan lands auk 2000 USD (130.000 ísl. króna tímabilið 18. maí 1993 til 17. júlí s. á.) vegna úttekta erlendis. Úttektarheimildir hans samkvæmt gullkortinu námu 200.000 krónum vegna úttekta innan lands auk 5000 USD (325.000 ísl. króna tímabilið 18. maí 1993 til 17. júlí s. á., en 360.000 ísl. króna frá þeim degi til 17. ágúst) vegna úttekta erlendis, en því til viðbótar nam úttektarheimild Sigrúnar Guðjónsdóttur einnig 5000 USD vegna úttekta erlendis. Árið 1992 urðu vanskil á greiðslukortum Gríms Grímssonar, og lokaði stefndi þá fyrir frekari viðskipti hans. Ábyrgðarmönnum voru send bréf vegna þessa 30. apríl s. á. Þau liggja ekki frammi í málinu, en hins vegar bréf í stöðluðu formi, sem stefndi kveður vera samhljóða umræddum bréfum. Þar er athygli ábyrgðarmanns vakin á því, að kortareikningi korthafa hafi verið lokað vegna tiltekinnar skuldar; honum hafi verið veittur tíu daga lokafrestur frá dagsetningu bréfs til að ganga frá skuld sinni, en að þeim fresti liðnum verði skuldin send lögfræðingum til innheimtu. Í framlagðri yfirlýsingu stefnanda og Adbjargar Grímsdóttur, dags. 7. maí 1992, segir: „ . . . lýsum því hér með yfir, að við ábyrgjumst áfram úttektir Gríms Grímssonar, kt. 270751-2539, Kambsvegi 1, Reykjavík, hjá Kreditkortum hf. þrátt fyrir það að hafa móttengið bréf, dags. 30. 4. 1992 frá fyrirtækinu um vanskil hans.“

Grímur Grímsson stóð í skilum með kort sín fram í júlímánuð árið 1993, er greiðslufall varð af hálfu hans. Var þá lokað fyrir úttektarheimildir hans. Fjárhæðir á reikningum, sem hér um ræðir, eru þessar: vegna korts nr. 8300-0317-8133: tímabilið 18. 5. 1993 til 17. 6. s. á., síðasti greiðsludagur 2. 7. 1993, 297.060 krónur; tímabilið 18. 6. 1993 til 17. 7. s. á., síðasti greiðsludagur 3. 8. 1993, 296.312 krónur; vegna korts nr. 8301-0268-1102: tímabilið 18. 5. 1993 til 17. 6. s. á., síðasti greiðsludagur 2. 7. 1993, 1.061.821 króna; tímabilið 18. 6. 1993 til 17. 7. s. á., síðasti greiðsludagur 3. 8. 1993, 1.132.984 krónur; tímabilið 17. 7. 1993 til 17. 8. s. á., síðasti greiðsludagur 2. 9. 1993, 71.317 krónur. Af hálfu stefnda var tryggingarvixillinn útfylltur, að því er varðar útgáfudag, 2. 9. 1993, og fjárhæð, 2.912.618,70 krónur. Vixillinn var sýndur til greiðslu og afsagður vegna greiðslufalls af lögbókanda 24. september 1993. Mál til greiðslu víxilskuldarinnar var höfðað með stefnu, sem var lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 14. 10. 1993 á hendur Grími Grímssyni, stefnanda máls þessa, og Adbjörgu Grímsdóttur, og var hún árituð um aðfararhæfi dómkrafna á hendur tveimur hinum fyrrtöldu 26. október s. á. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 3. febrúar 1994, var fullnustugerðum stefnda harðlega andmælt með því, að hann hefði farið langt út fyrir heimildir sínar við útfyllingu á víxlinum. Grímur Grímsson

greiddi 28. ágúst 1993 500.000 krónur inn á skuld sína við stefnda. Með bréfi lögmanns stefnda til stefnanda, dags. 31. ágúst 1994, ítrekuðu að meginefni með bréfi til lögmanns hennar, dags. 4. október s. á., var stefnanda veittur tíu daga frestur til að leita samninga um skuld Gríms, ella yrði óskað að nauðungarsölu á fasteign hennar. Í bréfi lögmanns stefnanda til lögmanns stefnda, dags. 13. október 1994, kemur fram, að stefnandi hafi ákveðið að greiða kröfuna með fyrirvara um endurheimtu. Hinn 31. október 1994 greiddi stefnandi 3.316.960 krónur inn á reikning stefnda gegn fullnaðarkvittun fyrir skuldinni. Með bréfi lögmanns stefnda til lögmanns stefnda, dags. 9. nóvember 1994, var stefnda tilkynnt, að stefnandi hygðist höfða mál til innheimtu hinnar greiddu fjárhæðar.

### *Málsástæður stefnanda.*

Grímur Grímsson greiddi fjárhæð þá, sem að framan greinir, inn á skuld sína við stefnda til þess að leysa stefnanda undan ábyrgð hennar á úttektum hans, og var stefnda því óheimilt að ganga að henni um greiðslu víxilsins.

Stefnandi ábyrgðist einungis úttektir Gríms vegna eins kreditkorts, enda tekið fram í yfirlýsingu með víxlinum, að hann sé til tryggingar úttektum „samkvæmt Eurocard-kreditkort“.

Það var veruleg forsenda og ákvörðunarástæða stefnanda, þegar hún undirgekkst ábyrgðina fyrir Grím, að hún takmarkaðist við úttektarheimildir hans hjá stefnda. Sé litið til aðstæðna hennar, aldurs og fjárhagsgetu, er fullvíst, að hún gat ekki gert sér grein fyrir því, að stefndi myndi gera hana ábyrga fyrir svo hárrí fjárhæð sem raun ber vitni. Hlaut stefnda að vera þetta ljóst.

Vísað er til ákvæða III. kafla samningalaga nr. 7/1936, einkum 36. gr. Það var ósanngjarnt og andstætt góðri viðskiptavenju, að stefndi skyldi fylla út víxilinn og gera stefnanda þannig ábyrgan langt umfram úttektarheimildir Gríms. Stefnandi gat ekki haft vitneskju um vanskil hans eða áhrif á þau. Þá var það ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að láta stefnanda skrifa undir umboð án fjárhæðar.

Gera verður ríkar kröfur til greiðslukortafyrirtækja um vandvirkni og varúð í viðskiptum sínum og eftirlit með úttektum einstakra viðskiptamanna. Stefnandi sýndi af sér stórfellt gáleysi með því að leyfa Grími Grímssyni að safna upp skuldum á kortareikningum langt umfram heimildir. Þá lét stefndi það viðgangast athugasemdalaust, að hann yrði sér úti um tæpar 1.800.000 krónur með því að taka út á kreditkort sín reiðufé í erlendum bönkum. Það var óforsvaranlegt, að stefndi skyldi ekki fyrr hafa tekið í taumana og lokað reikningum Gríms, enda mátti ljóst vera, að verulegt tjón gæti hlotist af háttsemi hans.

*Málsástæður stefnda.*

Því er mótmælt, að stefndi hafi bakað stefnanda tjón, sem hann beri bótaábyrgð á. Stefnanda mátti frá upphafi vera ljóst, hvað fólst í ábyrgð hennar sem víxilskuldara, og var ábyrgðarskuldbindingin forsenda og grundvöllur þess, að Grímur gæti átt viðskipti við stefnda. Henni mátti einnig vera ljóst, að ábyrgðin væri engum takmörkunum bundin og miðaðist við skuld korthafa gagnvart stefnda á þeim tíma, sem hann neytti þess úrræðis síns samkvæmt undirrituðum skilmálum að breyta skuld korthafa í víxilskuld. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að hann hafi farið út fyrir heimild sína til útfyllingar víxilsins. Stefnandi hafi hvorki í upphafi né síðar gert reka að því að takmarka ábyrgð sína á vanskilum Gríms gagnvart stefnda.

Stefnanda var ljóst við undirritun tryggingarvíxilsins, að hann var til tryggingar heildarskuld Gríms við stefnda samkvæmt báðum kortunum, enda hafi framlagning hans verið forsenda fyrir viðskiptum Gríms samkvæmt þeim báðum. Þá kom fram í áðurgreindu bréfi stefnda til stefnanda, dags. 30. 4. 1992, að um vanskil á báðum greiðslukortunum væri að ræða.

Því er mótmælt, að greiðsla Gríms Grímssonar á 500.000 krónum til stefnda hafi leyst stefnanda undan frekari ábyrgð. Því er mótmælt, að víkja beri samningi málsaðila til hliðar í heild sinni eða að hluta með vísun til 36. gr. samningalaga. Vísað er til þess, að tryggingarvíxill (eins og) sá, sem mál þetta megi rekja til, sé algengur í viðskiptum sem þessum og að hann hafi verið útfylltur af stefnda í samræmi við forsendur þær, sem fyrir lágu við undirritun hans.

4. Fyrir dóminum báru vætti títtnefndur Grímur Grímsson, Gunnar Bæringsson, framkvæmdastjóri stefnda, og Finnbjörn Agnarsson, innheimtustjóri stefnda.

Grímur Grímsson kvaðst hafa þurft að leggja fram nýja tryggingu í formi tryggingarvíxils þess, sem um getur, í stað fyrri tryggingar, sem hafi ekki verið talin nægja. Innheimtustjóri stefnda, sem gegndi því starfi á undan Finnbirni Agnarssyni, hafi talað um 700.000 króna víxil, og hafi verið gert ráð fyrir því, að hann myndi útfylla hann með þeirri fjárhæð eftir áritanir ábyrgðarmanna. Í fjarveru sinni kvað hann eiginkonu sína hafa farið með víxilinn til stefnanda til áritunar og síðan afhent hann stefnda. Aðspurður um skýringar á háum úttektum, einkum erlendis, kvaðst hann hafa verið í miklum fjárhagsferfiðleikum og verið að „framlengja peningapörf“ vegna atvinnurekstrar síns. Um fjárhagsástæður sínar og dóttur sinnar, Addbjargar, kvað hann árangurslausu aðfarargerð hafa verið framkvæmda hjá þeim báðum.

Gunnar Bæringsson kvað korthafa vera krafða um tryggingar sem venjulega, þ. e. frá því um 1983 og til skamms tíma væru víxlar útfylltir um fjárhæðir. Algengt væri, að korthafar hefðu fleiri greiðslukort en eitt, og væri ekki krafist tryggingarvixils vegna hvers korts, heldur eins víxils vegna allra viðskipta korthafa. Hann kvað mörk úttektarheimilda vera almenn, þótt um gullkort væri einnig reynt að meta greiðslugetu viðkomandi korthafa, en heimildirnar væru ekki metnar eftir ábyrgðarmönnum. Um eftirlit með úttektum skírskotaði hann til þess, að þær væru að jafnaði rafrænt færðar og leitað heimildar hjá stefnda, a. m. k. fyrir úttektum umfram 10.000 krónur. Hann kvað það látið óátalið, þótt farið hefði verið yfir heimildir, ef það væri ekki „gróflega“ og ef staðið væri í skilum. Hann kvað úttektarheimildir aðalkorthafa og aukakorthafa hafa frá upphafi verið sameiginlegar innan lands, en sérskildar erlendis, þannig, að aukakorthafi hefði jafnháa úttektarheimild og aðalkorthafi. Hann skýrði svo frá, að skilmálar um greiðsludreifingu, sem væri ætluð skilvísuð korthöfum og skerti ekki úttektarheimildir þeirra, væru kynntir í bæklingum og kynningargögnum stefnda. Hann kvað eindaga reikninga stefnda á hendur korthöfum vera fimmtán dögum eftir útgáfu þeirra við lok úttektartímabils, og eftir það væri veittur fimmtán daga frestur, en þó væri lokað fyrir á korthafa, sem hefði verulegar úttektir eða „hefði verið til vandræða“. Þá skýrði hann svo frá, að fram hefði komið í bréfi, sem stefndi sendi stefnanda 20. apríl 1992, að um væri að ræða fleiri en eitt greiðslukort.

Um bréf þetta staðfesti Finnbjörn Agnarsson einnig, að þar hefði komið fram, að vanskil Gríms Grímssonar væru vegna beggja greiðslukorta hans sem og aukakorts. Hann kvað reglu um sérstakar úttektarheimildir til handa aukakorthöfum erlendis, sem hefði gilt frá upphafi starfsemi stefnda, myndu eiga rót sína að rekja til gjaldeyrisskömmunar. Hann taldi samninga, sem gerðir hefðu verið við Grím um greiðsludreifingu á umræddu tímabili, ekki hafa verið óeðlilega, þar sem hann hefði staðið í skilum þá að undanfögnu. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um, að stefnandi hefði óskað upplýsinga um viðskipti hans. Lokað hefði verið fyrir allar heimildarbeiðnir um greiðslur af reikningi Gríms 6. júlí 1993 vegna vanskila hans. Hann kvað beinlínubúnað fela í sér sjálfvirkt eftirlit með úttektum, en þó væri ekki unnt að koma í veg fyrir, að lítillega væri farið fram úr heimildum, þar sem sá búnaður væri ekki alls staðar og ekki væri alltaf óskað heimilda fyrir lágum úttektum (undir 10.000 krónum). Eftir greint tíma-mark kvað hann hafa komið til skuldfærslna vegna raðgreiðslusamninga, sem væru háðar mörkum úttektarheimilda. Einnig væri þar um að ræða liði, sem ættu ekki undir úttektarheimildir, vexti, kortagjöld, útskriftargjöld og greiðsludreifingu.

5. Í auglýsingu stefnda um greiðsludreifingu segir: „Korthafi, sem vill nýta sér greiðsludreifinguna, hringir einfaldlega til okkar fyrir eða á eindaga og semur um dreifinguna. Starfsmaður okkar gefur upp leyfisnúmer, og síðan greiðir korthafinn a. m. k. þriðjung reikningsins í næsta banka, sparisjóði eða afgreiðslu okkar og skráir leyfisnúmerið á innborgunarseðilinn. Eftirstöðvar reikningsins að viðbættum vöxtum og kostnaði færast yfir á næstu tvö yfirlit ásamt úttektum þess tímabils. Eftir sem áður er hægt að nota kortið hvar, sem er, og greiðsludreifingin skerðir á engan hátt úttektarheimildina.“

Skuld vegna greiðslukorts nr. 8300-0317-8133 á eindaga 3. júní 1993 nam 223.593 krónum, og var 148.993 krónum dreift á næstu tvö reikningstímabil. Skuld vegna greiðslukorts nr. 8301-0268-1102 á eindaga 3. júní 1993 nam 753.261 krónu, og var 502.161 krónu dreift á næstu tvö reikningstímabil. Að því athuguðu einnig, sem áður greinir um gjaldfærslu vaxta, kortagjalda og útskriftargjalda án skerðingar á úttektarheimildum, svo og með vísun til þess, sem fram er komið um sjálfstæðar úttektarheimildir aukakorthafa erlendis, námu úttektir Gríms Grímssonar og aukakorthafans, eiginkonu hans, Sigrúnar Guðjónsdóttur, þessum fjárhæðum umfram heimildir: 1) tímabilið 18. maí 1993 til 17. júní s. á. 58.009 krónum vegna greiðslukorts nr. 8300-0317-8133 og 1.315 krónum vegna greiðslukorts nr. 8301-0268-1102; 2) tímabilið 18. júní 1993 til 17. júlí s. á. 7.178 krónum vegna greiðslukorts nr. 8300-0317-8133 og 66.422 krónum vegna greiðslukorts nr. 8301-0268-1102, – samtals fyrir tímabilið 18. maí 1993 til 17. ágúst s. á. 132.924 krónum, og eru þá með taldar gjaldfærslur vegna áður gerðra raðgreiðslusamninga. Eftir 6. júlí 1993 eru ekki gjaldfærslur vegna úttektar þeirra hjónanna.

Stefndi þykir hafa sýnt eðlilega aðgæslu um viðskipti Gríms Grímssonar og hafa brugðist við án undandrátta, þegar vanskil hans urðu ljós. Stefnandi gerðist ábyrgðarmaður að umræddum víxli fyrir tilstuðlan Gríms Grímssonar, og var framlagning tryggingarvíxils forsenda frekari viðskipta hans hjá stefnda. Greiðslukortin, sem um ræðir í málinu, höfðu þá þegar verið út gefin. Þykir hún ekki geta byggt rétt sinn á tilvitnaðri eintölu í prentuðu formi áðurgreindrar yfirlýsingar: „samkvæmt Eurocard-kreditkortí“. Henni mátti vera ljóst, að víxillinn tæki til tryggingar vegna kortanna, sbr. einnig fyrrgreint bréf stefnda til hennar, dags. 30. apríl 1992, og yfirlýsingu hennar til stefnda sem svar við því. Mátti henni vera ljóst, að ábyrgðin miðaðist við skuld Gríms Grímssonar gagnvart stefnda á þeim tíma, sem hann neytti þess úrræðis að breyta skuldinni í víxilskuld. Þykir stefndi þannig eigi hafa farið út fyrir heimild sína til útfyllingar víxilsins.

Tryggingarvixlar eins og sá, sem hér um ræðir, eru eða hafa til skamms tíma verið algengir í viðskiptum, og er sennilegt, að verðbólguástand hafi stuðlað að aukinni notkun þeirra.

Eigi verður það talið hafa brotið í bága við verulegar forsendur stefnanda, sem stefnda hafi mátt vera kunnar, eða verið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju, að hann skyldi fylla út vixilinn og gera stefnanda ábyrga, eins og raun ber vitni, sbr. 36. gr. samningalaga. Í þeirri lagagrein segir, að við mat á þessum atriðum skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til. Í fram lögðu matsblaði um vistun stefnanda að Seljahlíð segir m. a., að hún sé ekkja og hafi orðið fyrir miklu áfalli, þegar hún missti hús sitt vegna uppáskriftar fyrir dóttur sína, og verið „illa áttuð“ síðan, þótt vonir standi til, að það gangi til baka, er frá líður. Samkvæmt lögskýringargögnum verður réttur stefnanda eigi reistur á slíkum aðstæðum. Þá verður eigi talið, að hann verði reistur á öðrum ákvæðum III. kafla samningalaga, en að því leyti þykir raunar á skorta um nákvæmari tilvitnun.

Gegn andmælum stefnda hefur eigi verið sýnt fram á, að greiðsla Gríms Grímssonar til hans á 500.000 krónum upp í skuld sína hafi verið því skilyrði bundin, að þar með yrði stefnandi laus undan frekari ábyrgð.

Samkvæmt þessu er niðurstaða málsins sú, að fallist er á það með stefnda, að eigi hafi verið sýnt fram á, að hann hafi bakað stefnanda tjón, sem hann beri bótaábyrgð á. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefnanda, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst 350.000 krónur. Um kostnað stefnanda af rekstri málsins, sem skal greiddur úr ríkissjóði samkvæmt gjafsókn, hefur eigi verið gerð grein fyrir öðrum liðum en málflutningsþóknun talsmanns hennar, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðst 300.000 krónur.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Kreditkort hf., er sýknaður af kröfum stefnanda, Addbjargar Sigurðardóttur.

Stefnandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað.

Málflutningsþóknun talsmanns stefnanda, Helga Birgissonar héraðsdómslögmanns, 300.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.